

Fundarherbergi kl. 16:00

Guðrún Ingibjörg, Sólveig, Jóhanna skólastjóri, Jóhanna Lilja, Elín Ása, Ragnar, Þórhallur, Ólöf Kristín og Freyja

1. Niðurstöður samræmdra prófa

Skólastjóri kynnir niðurstöðurnar. Að einhverju leyti breyttur nemendahópur, t.d. í 7. bekk voru nemendur að taka próf núna sem voru á undanþágu í 4. bekk. Aðeins einu sinni áður hefur náðst betri árangur í 4. bekk en það var núverandi 10. bekkur. Megum vel við una og niðurstöður komu ekki á óvart.

2. Niðurstöður eineltiskönnunar

Skólastjóri kynnir niðurstöður og les samantekt. Árangur góður en ekki má slaka á og vinna betur að góðum árangri. Kom á óvart að einelti á netinu mælist ekki og nemendur í skólaráði spurðir út í það. Þeim finnst ekki vera neitt athugavert. Spurning hvort viðmið fullorðinna og nemenda séu mögulega mismunandi í þessum efnum. Foreldri segir sögu um hvernig stelpur taka myndir af sér og biðja um einkunn. Fleiri nefna kennslustofur sem stað þar sem einelti fer fram en í síðustu könnun, lúmskt einelti, augngotur, aagnaráð og fleira. Umræður sköpuðust um hversu hversu góðar aðstæður nemenda eru við svörun könnunar, hvort þar ríki næði og friður. Erum við að finna allt það sem við þurfum að finna. Jafnframt kom fram að það eru nemendur í 5. – 10. bekk sem svara könnuninni en yngri árgangar þykja of ungir til að svara svona langri rafrænni könnun. Engin opin eineltismál hjá eineltisteymi skólans. Spurning um hvort við séum með „vinir Zippys“. Skólastjóri telur það og ætlar að kanna málið.

3. Ytra mat

Matsaðilar koma núna í janúar sem eru á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis og framkvæma þetta ytra mat. Einhverjir úr skólaráði verða beðnir um að mæta og vera í rýnihópi. Ytra matið snýr að grunnskólanum en ekki leikskóladeild. Matsþættir: Stjórnun, nám og kennsla og vinnubrögð við innra mat. Hægt að biðja um að skoða fjórða þáttinn. Beðið um að meta frístundarstarfið enda eitt stærsta frístundasel landsins. Matsaðilarnir verða Svanfríður Jónasdóttir og Hanna Hjartardóttir.

4. Umferðaráryggi á Baugshlíð

30 km hraðaskilti var aðeins fært nokkra metra eftir ábendingu skólaráðs. Skólaráð samþykkir að senda formlega ósk um stækkun 30 km svæðis og að það nái yfir gangbraut móts við Höfðaberg. Óskað verði eftir að hlið verði sett við gangbrautir til að hægja t.d. á hjólum. Engin gangbrautagæsla á tveimur gangbrautum.

Gangbrautirnar við hringtorgin ekki æskileg. Einnig óskar skólaráð eftir því að ómerktar gangbrautir yfir Baugshlíð verði merktar með viðeigandi skiltum og yfirborðsmerkingum. Vilji foreldrafélagsins til að mæta á skipulagsfund til að knýja á um þessi mál og fá hringakstur við Höfðaberg.

5. Framkvæmdir á Höfðabergi.

Við Höfðaberg er búið að gera bráðabrigða starfsmannabílastæði og einnig nokkur stæði til viðbótar. Hins vegar vantar enn snúningssvæði fyrir bíla og rútu. Sú framkvæmd kallað á að nokkrum stæðum verði fórnæð. Endanlegur frágangur er eftir. Margir að leggja rétt við hliðið þar sem ekki eru í raun bílastæði. Eykur hættuna þegar

er verið að bakka þaðan. Þyrfti að setja e-a hindrun svo fólk geti ekki lagt bílum sínum þarna.

6. Fjárhagsáætlun 2016

Höfðaberg.

Skólastjóri fór yfir fjárhagsáætlun 2016 og bar saman við núverandi ár og svaraði spurningum og útskýrði.

Fram kom athugasemd um að erfitt væri að lesa út úr þessu og fulltrúar hefðu litlar forsendur til að rýna í áætlunina. Kallað var eftir upplýsingum um t.d. fjölda stöðugilda pr. nemanda, sérkennslu pr. nemanda o.fl. Skólastjóri kemur með þær upplýsingar fyrir næsta fund ráðsins.

Lágafellsskóli.

Forfallakennsla og gæslan hefur lækkað sem að hluta til skýrist af fækkun nemenda í skólanum vegna fjölgunar bekkja í Höfðabergi. Þyrfti að sjást hvort það eru verðlagsbreytingar. Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir auknu fjármagni til hópaskiptinga.

Frístundasel.

Áætlun svipuð milli ára.

Nónhressingin komin yfir á frístundaselið en var áður á áætlun Höfðabergs.

7. Önnur mál

Nemendafulltrúar sögðu frá skemmtikvöldi sem heppnaðist mjög vel og nk. fimmtudag verða litlu jólín hjá eldri deild.

Næsti fundur verður 1. febrúar